




1. Kynning á tækinu

Beurer vekjara-ljósið WL-70 vekur þig af værum svefni á mjúkan og náttúrulegan hátt.

LED díóðuljósinn verður smátt og smátt bjartari og bjartari eins og um sólarupprás sé að ræða, og leyfa þér smátt og smátt að átta þig á umhverfisáhrifum ljóssins og undirbúa líkamann fyrir vöknun.

Þið getið stillt vekjarann þannig að hann veki ykkur aðeins á eftir ljósinu og þið getið valið um að vera vakinn af mismunandi hljóðmerkjum eða útvarpi. Beurer WL-70 er frábær byrjun á góðum degi.



Viðvörðun um áhættu, meiðsl og heilsutjón



Öryggisábending um mögulega skemmd á tækinu



Ábending um áríðandi upplýsingar



Fargið tækinu aðeins hjá viðurkenndum endurvinnslustöðvum



Tækið uppfyllir Evrópska staðla

3. Notkun



VIÐVÖRUN

Þetta tæki má aðeins nota í þeim tilgangi sem það er hannað fyrir og lýst er í þessum leiðbeiningum. Framleiðandinn er ekki ábyrgur fyrir skemmdum sem orsakast af rangri eða kærulausri notkun.

4. Aðvaranir / Öryggismál



Viðvörðun


- Notið þetta tæki aðeins með rafmagnsleiðslunni sem fylgir því.
- Áður en þið byrjið að nota tækið þá farið yfir það og kannið hvort nokkrar skemmdir séu á því. Ef svo er, þá hafið strax samband við Beurer þjónustuna hjá PFAFF hf.
- Tækið er eingöngu ætlað til heimilisnota – ekki iðnaðarnota.
- Þetta tæki má notast af börnum sem orðin eru 8 ára, fötluðu og þroskaheftu fólki svo fremi að þau hafi fengið kennslu um hvernig nota eigi tækið.
- Börn eiga ekki að leika sér með tækið.
- Ef rafmagnsleiðslan úr tækinu skemmist verður að skipta um hana af til þess hæfum aðilum t.d. Beurer þjónustunni hjá PFAFF hf, eða álíka hæfum aðilum sem til þess hafa full réttindi.
- Ef tækið vinnur ekki eins og það á að gera, þá takið það úr sambandi við rafmagn.



ÁRÍÐANDI

- Verjið tækið fyrir höggum, raka, ryki, miklum hitasveiflum og beinu sólarljósi.

5 Lýsing á tækinu




1. Skjár
2. Ljósafliður
3. „Snooze“ aðgerð (snertið ljósafliðinn)
4. Stjórnflötur
5. +/- hnappar
6. Ljósarofi

Hringihnappur/
▶|| hnappur

◀ hnappur

Útvarps
hnappur

■ hnappur



AUX hnappur
▶ hnappur

Menu/Set
hnappur

6 Upprunaleg notkun

- Athugið í upphafi að allir fylgihlutir séu með og ekkert sjái á tækinu.
- Hallið loftnetinu aftur á bak

7 Grunnstillingar

Í grunnstillingunum getið þið stillt klukkuna (*TIME*), vekjarastillingar (*ALARM 1*, *ALARM 2*, *ALARM 3*), birtuna á ljósafletinum (*DISPLAY*), eða lúrtímann (*SNOOZE*) og tóninn (*BEEP*) í þeirri röð sem hér er nefnt.

7.1 Stilling á klukkunni

Þegar kveikt hefur verið á tækinu ýtið þið á **Menu/Set** hnappinn, „*TIME*“ blikkar þá á skjánum. Ýtið þá aftur á **Menu/Set** hnappinn.

„*24 HR*“ tíma-hamurinn blikkar á skjánum. Notið ◀/▶ hnappana (í 24-tíma eða 12-tíma ham) og staðfestið með því að nota **Menu/Set** hnappinn.

Klukkutíminn blikkar á skjánum. Stillið klukkutímann með því að nota ◀/▶ hnappana og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

Mínúturnar blikka á skjánum. Stillið mínúturnar með því að nota ◀/▶ hnappana og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

Vikudagurinn blikkar nú á skjánum. Stillið vikudaginn með því að nota ◀/▶ hnappana og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.



Athugið

MON = Mánudagur, *TUE* = Þriðjudagur, *WED* = Miðvikudagur, *THU* = Fimmtudagur;
FRI = Föstudag, *SAT* = Laugardagur, *SUN* = Sunndagur

7.2 Vekjarastillingar

Þið getið valið um að vera vakinn með einu af 4 mismunandi lögum, vekjaratón eða útvarpi. Fyrir þann tíma sem þið hafið stillt inn á (sjá hér á eftir) getið þið stillt á eftirfarandi aðgerðir; vekjaratón, hljóðstyrk, sólarupprás þ.e.a.s. ljós, lengd á ljósi og styrk á ljósinu.

Til að stilla aðgerðina farið þið svona að:

Þegar kveikt er á tækinu, ýtið þið á **Menu/Set** hnappinn og „*TIME*“ blikkar á skjánum.

Notið þá  hnappana til að velja það vekjaraminni sem þið viljið nota (*ALARM 1*, *ALARM2*, eða *ALARM 3*) og stilla það á þá vekjarastillingu sem þið viljið nota. Staðfestið valið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

Núverandi valinn vekjaratónn (þ.e.a.s. *BUZZ* = hringitónn) blikkar. Notið  hnappana til að velja þann hringitón sem þið viljið nota og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.



Athugið

<i>BUZZ</i> = hringitónn,	<i>SOUND 1-4</i> = 4 mismunandi lög,	<i>RADIO</i> = útvarp
---------------------------	--------------------------------------	-----------------------

Stillingin fyrir hljóðstyrkinn (*VOL*) blikkar. Notið  hnappana til að stilla á þann hljóðstyrk sem þið viljið nota (1 til 10) og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

Nú blikkar aðgerðin fyrir ljósið (*SUNRISE*). Notið  hnappana til að annaðhvort kveikja á ljósinu (*ON*) eða slökkva á því (*OFF*) og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.



Athugið

Þið getið einnig valið um það að verða vakinn upp með ljósinu **og** vekjaratón. Ljósá aðgerðin er lík og sólaruppkoman sjálf. Díóðurnar byrja daufar en verða bjartari og bjartari eftir því sem vekjaratíminn nálgast.

Ef kveikt er á ljósa-aðgerðinni, þá blikkar tíminn sem hún á að vera (*10 MIN*). Notið  hnappana til að stilla lengdina á tímanum sem ljósið á að vera áður en vekjarinn fer í gang (1, 2, 5, 10, 20 eða 30 mínútur) og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

Nú blikkar birtan sem á að vera á ljósinu (*20 LI*). Notið  hnappana til að stilla birtuna sem þið viljið nota (5, 10, 15 eða 20) og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn. Ef ljósið vekur ykkur of fljótt, þá mælum við með því að þið minnkið birtuna.

7.3 Stilling á birtumagninu

Þegar kveikt er á tækinu ýtið þið á **Menu/Set** hnappinn og „*TIME*“ blikkar á skjánum.

Notið  hnappana til að velja „*DISPLAY*“ og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

Innstillt birtumagn blikkar (*3 DISPLAY*). Notið  hnappana til að velja það birtumagn sem þið viljið nota (*OFF* (slökkt), 1, 2 eða 3) og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.



ATHUGIÐ

Þegar þið hafið stillt á það birtumagn sem þið viljið nota tekur u.þ.b. 10 sekúndur fyrir innstillta birtu að koma fram. Það er vegna þess að skjáinn er alltaf stilltur á mestu birtu í 10 sekúndur í hvert sinn sem hnappur er snertur

7.4 Stilling á lúr-stillingu (Snooze)

Þegar kveikt er á tækinu ýtið þið á **Menu/Set** hnappinn og „*TIME*“ blikkar á skjánum

Notið  hnappana til að velja „*SNOOZE*“ og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

„Snooze“ eða lúr-tíminn (5 MIN SNOOZE) blikkar, og þið notið   hnappana til að velja lúrlengdina (1, 2, 5, 10, 20 eða 30 mínútur) og staðfestið síðan með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

7.5 Kveikja og slökkva á takkatóninum

Þegar kveikt er á tækinu ýtið þið á **Menu/Set** hnappinn og „TIME“ blikkar á skjánum.

Notið   hnappana til að velja „FEEDBACK“ og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

Notið   hnappana til að kveikja (ON) eða slökkva (OFF) á takkatóninum, og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.

8 Aðgerðir á tækinu

8.1. Stilling á vekjara

Tækið er með 3 minni þar sem hægt er að geyma 3 mismunandi vekjaratíma og aðgerðir.

8.1.1. vekjarinn virkur (ON)

1. Þegar kveikt er á tækinu, haldið þið áfram að ýta á **ALARM** hnappinn þar til viðeigandi minni kemur á skjáinn (R1, R2 eða R3).
2. Ýtið á   hnappana þar til „ON“ kemur á skjáinn.
3. Ýtið á **Menu/Set** hnappinn. Þá blikkar klukkutíminn á vekjaranum á skjánum. Notið   hnappana til að stilla klukkutímann sem þið viljið láta vekja ykkur og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.
4. Nú blikka mínúturnar á skjánum. Notið   hnappana til að stilla mínúturnar og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.
5. „END“ er nú sýnt stuttlega á skjánum. Stílltur vekjaratími er nú virkur og er sýndur á skjánum.

8.1.2. Stilling á vekjara fyrir hvern dag

Fyrir hverja stillingu getið þið valið þá vikudaga (DAY) sem þið viljið nota þessa stillingu.

1. Þegar kveikt er á tækinu, haldið þið áfram að ýta á **ALARM** hnappinn þar til viðeigandi minni kemur á skjáinn (R1, R2 eða R3).
2. Ýtið á   hnappana þar til „DAY“ kemur á skjáinn.
3. Ýtið á **Menu/Set** hnappinn. MON (Mánudagur) og OFF koma á skjáinn.
3. Notið   hnappana til að gera vekjarann virkan (ON) eða óvirkan (OFF) fyrir mánudag (MON) og staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.
5. „TUE“ Þriðjudagur kemur nú á skjáinn. Stíllið núna vekjarann fyrir þá daga sem eftir eru vikunnar á sama hátt og þið stilltuð fyrir mánudaginn, og stíllið síðan vekjarann eins og lýst var áður í kafla 8.1.1.

8.1.3 Vekjarinn tekinn alveg úr sambandi (OFF)

Til að slökkva á fyrirfram innstilltum vekjaratíma farið þið svona að:

1. Þegar kveikt er á tækinu, haldið þið áfram að ýta á **ALARM** hnappinn þar til viðeigandi minni kemur á skjáinn (R1, R2 eða R3).
2. Ýtið á   hnappana þar til „OFF“ kemur á skjáinn.

3. Staðfestið með því að ýta á **Menu/Set** hnappinn.
4. Nú kemur „END“ í ljós á skjáinn, og þá hefur verið slökkt á vekjaranum.

8.2. Slökkt á vekjaranum

8.2.1 Slökkt á vekjaranum meðan birtan er;

Þegar kveikt er á ljósa-aðgerðinni byrjar tækið hægt og rólega að auka birtuna áður en kemur að vekjaranum að fara í gang og um leið kemur orðið „SUNRISE“ (sólaruppkoma) á skjáinn. Þið getið slökkt á þessari aðgerð með því að ýta á hvaða hnapp sem er. Hins vegar mun vekjarinn fara í gang á innstilltum tíma.

8.2.2. Lúr-stillingin (Snooze) við vöknun

Tækið er með svokallaða lúr-stillingu (*SNOOZE*). Þegar vekjarinn hringir og þið ýtið á lúr-aðgerðina með því að ýta lauslega á ljósafötinn, mun vekjarinn hætta en fara aftur í gang eftir þann tíma sem þið hafið stillt hann á. (sjá 7.4)

8.2.3. Slökkt á vekjaranum þegar hann hringir

Þegar vekjarinn hringir, getið þið ýtt á hvaða hnapp sem er, nema lúr-flötinn. Nú er slökkt á vekjaranum og hann fer ekki aftur í gang fyrr en kemur að innstilltum tíma á ný.

8.3. AUX aðgerð

Þið getið tengst utanaðkomandi hljóðtæki (t.d. MP3 spilara, snjallsíma, eða CD spilara) til að láta vekja ykkur, en það er gert með því að tengjast AUX tenglinum.

1. Tengið „AUX“ kapalinn við hljóðtækið eða uppsprettuna.
2. Setjið hinn endann á Aux kaplinum í tengilinn aftan á vekjara tækinu.
3. Ýtið á **AUX** hnappinn á tækinu, og nú er utanaðkomandi tækið tengt við vekjara-tækið.
4. Notið +/- hnappana á hliðinni til að stilla hljóðstyrkinn.
5. Ýtið á ■ hnappinn til að fara úr þessari *AUX* aðgerð.
6. Aftengið *AUX* kapalinn að notkun lokinni.

8.5 Útvarps aðgerð

Þið getið einnig notað tækið í útvarps-aðgerð, og þá farið þið svona að:

1. Þegar kveikt er á tækinu, ýtið þið á **FM** hnappinn. Innstillt útvarpstíðni og númer (þ.e.a.s. *P1*) kemur á skjáinn.
2. Notið </> hnappana til að velja það númer sem þið viljið hlusta á (þ.e.a.s. *P1* eða *P2*) þar sem þið hafið vistað ákveðnar útvarpsstöðvar.
3. Ýtið og haldið við > hnappinn til að láta tækið leita sjálfkrafa að útvarpsstöð. Til að vista stöðina undir ákveðnu númeri (*P1* eða *P2*) ýtið þið á **Menu/Set** hnappinn.
4. Til að skipta á milli stöðvanna ýtið þið á </> hnappana.

8.5 Góða nótt aðgerð (slökkva á útvarpinu)

Ef kveikt er á útvarps aðgerðinni getið þið einnig gert „góða nótt aðgerðina“ virka:

Þið getið notað þessa aðgerð til að stilla inn ákveðinn mínútufjölda þar til útvarpið á að slökkva á sér sjálfkrafa.

Ef þið óskið eftir því að nota þessa aðgerð, farið þið svona að:

1. Þegar kveikt er á tækinu, ýtið þið á **FM** hnappinn til að fara í útvarps aðgerð.
2. Ýtið á **Menu/Set** hnappinn og „2 MIN SLEEP“ kemur á skjáinn.
3. Notið **Menu/Set** hnappinn til að stilla inn þann tíma sem þið viljið enn hafa kveikt á útvarpinu og

þar til það á að slökkva á sér (2, 5, 10, 15, 20, 30, 45 eða 60 mínútur). Bíðið í 5 sekúndur til að staðfesta valið. Því næst mun lítið tákn Ø koma á skjáinn.

8.6 Ljósá aðgerðir

8.6.1 Lesljós

- 1 Þegar kveikt er á tækinu, ýtið þið á **Ljósá (Light)** hnappinn.
- 2 Það kviknar á ljósinu og 20 LIGHT kemur á skjáinn. Notið +/- hnappana til að stilla ljósmagnið sem þið viljið hafa (stillanlegt frá 1 upp í 20).
- 3 Til að slökkva á ljósinu á ný, haldið þið við **Ljósá** hnappinn þar til LIGHT OFF kemur á skjáinn.

8.6.2. Sólarlags aðgerð

Tækið má einnig nota til að líkja eftir sólarlagi, með því að láta birtuna í tækinu smám saman dofna á ákveðnum tíma. Farið þannig að:

1. Þegar kveikt er á tækinu, ýtið þið á **Ljósá (Light)** hnappinn á hlið tækisins.
2. Ljosið kviknar og „20 LIGHT“ kemur á skjáinn.; strax á eftir notið þið +/- hnappana á hliðinni til að stilla á það ljósmagn sem þið viljið hafa á tækinu. (hægt er að velja á milli 1 og 20). Notið **Ljósá** hnappinn til að staðfesta valið. Og t.d., „10 SUNSET“ kemur á skjáinn.
3. Notið +/- hnappana á hliðinni til að velja lengdina á sólarlaginu (2, 5, 10, 15, 20, 30, 45 eða 60 mínútur) og bíðið síðan í 5 sekúndur. Þá hefur sólarlags aðgerðin verið sjálfkrafa gerð virk og lítið tákn Ø kemur á skjáinn. Nú slökkvar sjálfkrafa á ljósinu eftir að innstilltur tími er liðinn.

Ath:

Sólarlag með músik

Tækið er einnig hægt að nota í sólarlags aðgerð þegar þið eruð að hlusta á músik. Framgangsmátinn verður þá þannig að smám saman dregur úr birtunni og það fer eftir þeim tíma sem þið hafið stillt inn í tækið. Síðan slökkvar á músikinni eftir að sá tími er liðinn. Til að stilla tækið á þennan hátt farið þið þannig að:

1. Þegar kveikt er á tækinu, veljið þið þá músik sem þið viljið hlusta á og hvaðan (útvarp (FM) eða AUX)
2. Framkvæmið síðan þrepinn eins og við lýstum í 8.6.2 sólarlags aðgerðinni.

8.7 Tækið stillt aftur á grunnstillingar framleiðandans

Ef þið viljið af einhverjum ástæðum stilla tækið aftur á allar grunnstillingar framleiðandans sem voru í tækinu þegar þið fenguð það í hendurnar, farið þið svona að;

1. Fjarlægið rafmagnsleiðsluna fyrir vekjaraljósið úr raftenglinum.
2. Ýtið á og haldið bæði **Menu/Set** hnappnum og **Ljósá (Light)** hnappnum á tækinu, sem nú er slökkt á, og setjið rafmagnsleiðsluna aftur í samband við rafmagn. Haldið tökkunum inni í ca. 10 sekúndur
3. Tækið hefur nú verið stillt á grunnstillingar framleiðandans.

9 Hreinsun og geymsla

- Hreinsið tækið aðeins með þurrum klút.
- Notið aldrei nein hreinsiefni
- Gætið þess að vatn komist aldrei inn í tækið. Ef slíkt kemur fyrir, má alls ekki nota tækið fyrr en það er orðið alveg þurrt á ný.
- Setjið tækið eða leiðsluna í það aldrei í vatn eða annan vökva.

- Verjið tækið fyrir höggum, raka, ryki, kemískum efnum, miklum hitasveiflum og nálægð við mikla hitagjafa.

10 Förgun á tækinu

Þegar líftími þessa tækis er liðinn á aldrei að losa sig við það með því að henda því með almenna sorpinu. Af umhverfisástæðum á að losa sig við svona tæki á endurvinnslustöðum. Farið ávallt eftir þeim reglum sem eru í gildi á þeim stað sem þið búið. Ef í vafa getið þið alltaf haft samband við Beurer umboðið á þeim stað sem þið búið.

11 Tæknilegar upplýsingar

Ljós magn	Max. Ca 2500 lux (í 15 cm. fjarlægð)
Ljósatækni	LED díóðutækni
Lýsingarþrep	20 ljósaprep með eftirlíkingu á dögum
Vaknað við ljós	OFF (slökkt) 2, 5, 10, 15, 20, 30, 45 og 60 mínútur áður en vekjari vekur
Sólarupprás	Hámarks ljós þar til vekjari vekur. Þrep 5, 10, 15, 20
Lúr aðgerð (snooze) - tími	1, 2, 5, 10, 20, 30 mínútur
Sólarlag	2, 5, 10, 15, 20, 30, 45, 60 mínútur
Góða nótt aðgerð (slökkva á útvarpi)	2, 5, 10, 15, 20, 30, 45, 60 mínútur
LCD bakljós	Off (slökkt), 1, 2, 3
Klukka	Val á milli 12 eða 24 tíma aðgerða. 15 mínútna tími ef rafmagnið fer.
Vekjari	3 vekjaratímar (Off (slökkt), On (Á), Day (Dagur))
Hnappatónn	Off (slökkt), On (Á)
AUX	Tengill inn, 3,5 mm „jack“ stungutengill
Útvarp	Tíðni VHF 87,5 -108 Mhz
Hátalari	2 wött
Fyrir rafmagn	Inn: 110-240V, AC, 50/60 Hz Út: 9 V, DC, 1500 mA
Verndarklassi	Klassi II
Háð breytingum án fyrirvara	

PFAFF hf
Grensásvegi 13
108 Reykjavík

Sími 414-0400

www.pfaff.is

beurer Hraðleiðbeiningar fyrir vekjaraljós WL-70



Takkar

Lúr-stilling (Snooze)




Styrkleiki / Birtan stillt


Ljós-aðgerð




Grunnstillingar



Stilla klukku



Vekjara möguleikar




Stilla birtuna




Lúr-stilling (Snooze)



Takkatónn



Stilla vekjarann



4

AUX aðgerð



Útvarps aðgerð




Góða nótt aðgerð (klukkurofi)




5


Lestrarljós



Sólarlags aðgerð



Blöndun á litum



6